



Nefndarálit forsætisnefndar um

## Þingmannatillögu um öryggismálaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekkert frekar varðandi þingmannatillögu  
A 1652/præsídiet.

Forsaga

Flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði leggur til:

að Norðurlandaráð eigi frumkvæði að ráðstefnu Norðurlanda og  
Eystrasaltsríkja um öryggismál.

Flokkahópur hægrimanna rökstyður tillögunu á eftirfarandi hátt:

Eystrasaltið einkenndist lengi vel af mikilli pólitískri togstreitu og átökum, auk þess að flest landanna sem að því liggja voru hersetin af öðrum ríkjum og/eða lutu alræðisstjórn og einsflokkskerfi. Á undanförunum 25 árum hafa aðstæður breyst í grundvallaratriðum. Í kjölfar þess að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt og samfara lýðræðisþróun í Póllandi og þar á undan Rússlandi, hafa friðsæld, frjáls viðskipti og vinsamleg menningarskipti sett mark sitt á svæðið. Einkum hafa Eystrasaltsríkin þrjú orðið sjálfsgöður hluti af samfélagi Evrópuríkja og einnig færst nær Norðurlöndunum.

Því miður horfir nú til verri vegar á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir jákvæða efnahagsþróun í Eystrasaltsríkjunum eykst þrýstingur í þeirra garð af hálfu Rússlands. Aðgerðir Rússa gegn Úkraínu og aukin athafnasemi rússneska hersins á Eystrasaltssvæðinu veldur uggi í öllum löndum sem eiga landamæri að Rússlandi. Þetta, auk sniðgöngu Rússlands á evrópskum vörum, hefur áhrif á okkur öll en ef til vill einkum og sér í lagi Eistland, Lettland og Litháen.

Við í Norðurlandaráði sjáum ríka ástæðu til þess að sýna baltnesku þjóðunum samstöðu. Samgangur er mikill milli landa okkar og þau gildi sem sameina okkur eru mun fleiri en hin sem skilja okkur að. Ein leið til að sýna samstöðu gæti verið sú að bjóða til sameiginlegrar öryggismálaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Meginmarkmiðið væri ekki að taka upp nýja stefnu í utanríkis- og öryggismálum, heldur að auka þekkingu okkar á sameiginlegum áskorunum á þessu sviði. Eftir áralanga starfsemi í Eystrasaltslöndunum hefur Norðurlandaráð öðlast mikla þekkingu á aðstæðum í löndunum. Sú reynsla getur komið að góðu gagni ef við höfum frumkvæði að sameiginlegri öryggismálaráðstefnu.

Norðurlandaráð

A 1652/presidiet

Afgreiðsla:  
Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00194-10

## Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Tillagan var ekki meðal þeirra sem fengu fyrstu afgreiðslu á þinginu í Reykjavík í október 2015. Hún var fyrst afgreidd stuttlega á fundi forsætisnefndar í Stokkhólmi þann 30. nóvember 2015.

Forsætisnefndin hefur á síðari árum lagt áherslu á stefnu í öryggismálum sem og eflingu á samstarfi við Eystrasaltsríkin. Hugmyndin um öryggismálaráðstefnu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja getur því varla talist umdeild.

Hins vegar verða tvær aðrar ráðstefnur Norðurlanda og Eystrasaltsríkja um öryggismál haldnar í maí 2016 og því þykir ekki þörf á því að Norðurlandaráð standi að einni slíkri ráðstefnu til viðbótar.

Eystrasaltsríkjaþingið og Ráðherranefnd Eystrasaltsríkjanna standa að ráðstefnu með yfirskriftinni „Security in the Baltic Region: Current Developments and the Way Ahead“ í Riga 12. og 13. maí (dagskrá er að finna undir fundarliðnum Alþjóðastarf).

Varnarmálaskólinn (Forsvarsakademiet) í Danmörku stendur að ráðstefnunni „Nordic Ways of War and Peace“ 19. og 20. maí þar sem sjónum verður einkum beint að varnarmálasamstarfi norrænu og baltnesku ríkjanna (dagskrána er að finna undir fundarliðnum Hringborðsumræða um samstarf ESB við grannríki í austurvegi). Þingmönnum Norðurlandaráðs er velkomið að taka þátt í ráðstefnunni. Því er lagt til að Norðurlandaráð standi ekki að einni ráðstefnu til viðbótar.

Ósló, 19. apríl 2016

Carl Haglund (sv)	Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)
Erkki Tuomioja (sd)	Penilla Gunther (KD)
Hans Wallmark (M)	Phia Andersson (S)
Henrik Dam Kristensen (S), forseti	Sonja Mandt (A)
Höskuldur Þórhallsson (F)	Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Michael Tetzschner (H)	Wille Rydman (Saml)
Mikkel Dencker (DF), varaforseti	